

Föstudaginn 17. maí 1946.

Nr. 101/1945. Þorsteinn Ásgeirsson

(Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök

(Hrl. Sigurður Ólason).

Skaðabætur samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1945, krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu kr. 16869.22 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. júlí 1944 til greiðsludags og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. *Til vara* krefst aðaláfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu kr. 14493.86 með vöxtum og málskostnaði, eins og áður greinir.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. október 1945, skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 29. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara*, að fjárhæð bóta verði lækkuð eftir mati dómsins. Einnig krefst hann lækkunar á vöxtum í 5% og að málskostnaður í héraði verði látinn niður falla. Hann krefst málskostnaðar í hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Það er upp komið, að Suðurlandsbraut var orðin aðalbraut samkvæmt 2. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, þegar árekstur sá varð, er í máli þessu greinir. Þá átti aðaláfrýjandi og umferðarrétt samkvæmt 1. mgr. 7. gr. sömu laga. Samkvæmt þessu og þar sem vitaverður akstur er ekki sannaður á hendur aðaláfrýjanda, verður að leggja alla sök á árekstri bifreiðanna á stjórnanda amerísku herbifreiðarinnar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur farið fram yfirmat á vinnulaunum í sambandi við viðgerð á bifreið aðaláfrýjanda. Telja yfirmatsmenn vinnulaunin hæfilega metin kr. 6188.13, og ber að leggja þá niðurstöðu til grundvallar.

Efniskostnaður og málningar nemur kr. 894.00. Viðgerðarkostnaður er því alls kr. 7082.13. Ætla verður, að aðaláfrýjandi hafi getað aflað sér nokkurra tekna á þeim nærfellt þriggja mánaða tíma, sem bifreið hans var úr akstri, og þykja bætur hans fyrir atvinnutjón samkvæmt því og öðrum þeim gögnum, er fyrir liggja, hæfilega metnar kr. 3600.00. Hins vegar þykir mega fallast á úrlausn héraðsdóms um greiðslu matskostnaðar og stöðvargjald.

Úrslit málsins verða því þau, að gagnáfrýjandi verður dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda samtals kr. 10682.13 með 6% vöxtum frá stefnudegi svo og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Þorsteini Ásgeirssyni, kr. 10682.13 með 6% ársvöxtum frá 15. desember 1944 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. maí 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Þorsteinn Ásgeirsson bifreiðarstjóri hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. desember f. á., gegn fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 16869.22, ásamt 6% ársvöxtum frá 29. júlí 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Laust eftir hádegi hinn 12. september 1943 ók stefnandi bifreið sinni, R 454, austur Suðurlandsbraut, og voru 4 farþegar í bifreiðinni. Er bifreiðin var nærri komin að vegamótum Suðurlandsbrautar og Langholtsvegur, varð stefnandi var við það, að á móti honum kom bifreið, sem síðar kom í ljós, að var herbifreið, merkt W 326130, eign herstöjrnar Bandaríkja Norður-Ameríku. Er stefn-

andi var að aka fram hjá vegamótunum, kveðst hann hafa orðið þess var, að herbifreiðin beygði snögglega, án þess að gefa um það nokkur merki, í því skyni að aka inn á Langholtsveg, og þótt stefnandi reyndi að hliðra til með því að vikja til vinstri, ók herbifreiðin á hægri hlið bifreiðar stefnanda. Urðu af árekstri þessum allmiklar skemmdir á bifreið stefnanda, og þar eð hann telur stjórnanda herbifreiðarinnar hafa átt alla sök á slysi þessu, hefur hann samkvæmt heimild í lögum nr. 99 frá 1943 höfðað mál þetta til bóta fyrir tjón það, er hann hlaut af slysinu.

Stefndi hefur ekki fært fram neinn rökstuðning fyrir *aðalkröfu* sinni, og verður henni því eigi sinnt gegn mótmælum stefnanda.

Varakröfu sína hefur stefndi fyrst og fremst byggt á því, að stjórnendur beggja bifreiðanna hafi átt sök á slysi þessu, og beri því að skipta sökinni með þeim. Styður hann þessa staðhæfingu við það, að stefnandi hafi ekið ólöglega bratt, einkum þegar þess er gætt, að ekið var steiptan veg, blautan eftir rigningu. Telur hann vafasaman framburð farþeganna um, að hraðinn hafi verið 40—50 km, miðað við klukkustund, og heldur því fram, að hraðinn muni hafa verið all-miklu meiri. Að visu er viðurkennt af hálfu stefnda, að herbifreiðin hafi ef til vill sýnt óvarkárni með því að beygja, svo sem gert var, en það, að henni var ekið tiltölulega hægt, auki enn líkur fyrir miklum hraða bifreiðar stefnanda, sem auk þess hafi ekki gert tilraun til að stöðva með hemlum.

Í málinu hefur ekkert komið upp, sem sannað geti staðhæfingar stefnda um meiri ökuhraða stefnanda en framburður farþeganna sýnir. Samkvæmt öllu framanrituðu þykir ljóst, að stjórnandi herbifreiðarinnar hefur með því að sveigja, án þess að gefa um það merki, á hægri hlið bifreiðar stefnanda, sýnt slíka vangæzlu, að telja verður, að hann eigi alla sök á slysi þessu, enda verður eigi talið, að stefnandi hafi þrátt fyrir ökuhraða sinn orðið meðvaldur að slysinu með þeim hætti, að leggja beri nokkurn hluta sakar á hann.

Verður krafa stefnda um skiptingu sakar því eigi til greina tekin og samkvæmt 34. og 35. gr. laga nr. 23 frá 1941, sbr. lög nr. 99 frá 1943, ber honum því að bæta stefnanda tjón það, er hann beið við áreksturinn.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar svo:

1. Viðgerðarkostnaður	kr. 9832.02
2. Matskostnaður	— 212.20
3. Atvinnutjón frá 12. sept.—7. des. 1943, alls 86 daga á kr. 75.00	— 6450.00
4. Stöðvargjald frá 15. sept. til 30. nóv. 1943	— 375.00

Samtals kr. 16869.22

Stefndi hefur öðrum þræði byggt varakröfu sína á því, að kröfur þessar séu ýmist allt of háar eða örökstuddar, og verða varnir hans teknar til athugunar við hvern kröfulið út af fyrir sig.

Um 1. Áður en viðgerð hófst á bifreið stefnanda, fór fram mat tveggja dómkvaddra manna að kröfu hans. Var mat þeirra á þá leið, að taka myndi 34 daga að ljúka viðgerðinni og kostnaður myndi nema kr. 5100.66. Viðgerð hófst hinn 3. október 1943 og var að sögn stefnanda ekki lokið fyrr en 7. des. 1943, en viðgerðarkostnaður nam, að frádregnum helmingi kostnaðar við málun bifreiðarinnar, kr. 9832.02. Gegn eindregnum mótmælum stefnda hefur stefnandi ekki fært sönnur á réttmæti reikningsins, og verður því að leggja matsgerðina til grundvallar, enda hefur henni á engan hátt verið hnekk. Þessi kröfuliður verður því tekinn til greina með kr. 5100.66.

Um 2. Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið og haldið því fram, að verði honum á annað borð sinnt, beri að taka tillit til hans við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt 175. gr. laga nr. 85 frá 1936 þykja þessi andmæli hafa við rök að styðjast, og verður þessi kröfuliður því tekinn til meðferðar við ákvörðun málskostnaðar í máli þessu.

Um 3. Svo sem fyrr greinir, reiknar stefnandi atvinnutjón sitt kr. 75.00 dag hvern og miðar við tímann frá slysdeginum til 7. desember 1943, en þá virðist hann telja bifreið sína nothæfa á ný. Af skjölum málsins og flutningi þess þykir ekki verða annað ráðið en að bótakrafa þessi sé einungis fyrir afnotamissi bifreiðarinnar sjálfrar. Hefur stefnandi haldið því fram, að vegna anna í bifreiðaviðgerðarverkstæðum hafi hvorki verið unnt að hefja viðgerð né ljúka henni fyrr.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að ekki hafi verið hægt að láta gera við skemmdirnar fyrr og á skemmri tíma svo og því, að hann eigi að bera halla af töfum, sem þannig eru til komnar.

Þá hefur hann og mótmælt sem allt of hárrí dagpeningakröfu stefnanda.

Eigi þykir unnt að taka nema litillega tillit til tafar þeirrar, sem á viðgerð bifreiðarinnar virðist hafa orðið, og þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið m. a. með hliðsjón af fyrrgreindu mati svo og öðru, sem upp hefur komið í málinu um þessi atriði, hæfilega ákveðnar kr. 1700.00.

Um 4. Gegn mótmælum stefnda er ekki unnt að taka þenna lið til greina, þar eð stefnandi hefur ekki fært fram nein gögn til stuðnings honum.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður gert að greiða stefnanda kr. 6800.66 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 750.00.

Einar Arnalds, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra t. h. rikissjóðs, greiði stefnanda, Þorsteini Ásgeirssyni, kr. 6800.66 með 6% ársvöxtum frá 15. desember 1944 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17 maí 1946.

Nr. 107/1945. Ingibjörg Jónsdóttir (Hrl. Garðar Þorsteinsson)
gegn

Halldóri Guðmundssyni

(Hrl. Guttormur Erlendsson).

Mál til heimtu húsaleigu og skaðabóta vegna þrasetu.

Dómur hæstaréttar.

Hannes Guðmundsson, fulltrúi bæjarfógeta á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 21. ágúst 1945 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. ágúst s. á. Krefst hún þess, að henni verði aðeins dæmt að greiða stefnda kr. 208.00 vaxtalaust. Svo krefst hún og þess, að málskostnaður verði látinn falla niður í héraði, en að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum *aðallega* kr. 2894.15, *til vara* kr. 1694.15 og *til þrautavara* kr. 1183.00. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með leigusamningi, dags. 27. apríl 1939, leigði stefndi áfrýjanda íbúð í húsi sínu á Siglufirði frá 1. maí 1939 að telja. Húsaleiga skyldi vera kr. 85.00 á mánuði. Áfrýjandi notaði húsnaði þetta til júliloka 1942.

Stefndi hefur í hæstarétti fallið frá tveimur kröfuliðum, sem hann bar fram í héraði, þ. e. sérstakri leigu fyrir eitt herbergi, kr. 680.00, og visitöluálagi á húsaleigu, kr. 134.30, eða samtals kr. 814.30. Krafa hans nú sundurliðast þannig: